

Ed. 239. Frumvarp til laga [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Frá 1. janúar 1952 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur til Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., skal varið til þess að koma upp (vinnustofum og) vinnuhælum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um fyrirkomulag og rekstur vinnuheimila samkv. 2. gr. Með reglugerð getur ráðherra og ákveðið, að fé því, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., megi verja til stofnlána til sveitarfélaga eða ákveðinna félagssamtaka, sem setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tala öryrkja hér á landi yfir 16 ára aldur, sem talið er að hafi misst helming starfsorku eða meira og njóta bóta samkv. lögum um almannatryggingar, munu nú vera nálægt 2500. Greiðslur örorkulífeyris og örorkustyrkja til þessa fólks námu árið 1950 um 8 millj. króna og nema á þessu ári sennilega yfir 9½ milljón. eru þá ótaldir allir þeir mörgu, sem dveljast á sjúkrahúsum og hælum langtímum saman vegna örorkusjúkdóma. Má því ætla, að nálægt 3000 manns, karla og kvenna, á starfsaldri séu öryrkjar.

Öryrkjum þessum má skipta í tvo aðalflokka. Í öðrum flokknum eru þeir, sem ekkert geta unnið og fyrirsjáanlegt er að verða algerir öryrkjar til æviloka. Margt af þessu fólki þarfnast stöðugar hjúkrunar og umönnunar, enda dvelur nú talsverður hluti þess á hælum eða sjúkrahúsum, þótt enn skorti mikið á, að nægilega sé séð fyrir þörfunum í þessum efnum, sérstaklega að því er verðar fávita og geðbilað fólk. En í þessum flokki er einnig margt fólk, sem vel getur dvalið í heimahúsum eða hjá vandalausum, ef séð er fyrir daglegum þörfum þess með sæmilegum lífeyrisgreiðslum. — Í hinum flokknum eru þeir öryrkjar, sem hafa skerta starfsorku, en geta þó eða gætu unnið fyrir sér að einhverju eða jafnvel að öllu

leyti, ef skilyrði væru fyrir hendi til þess, að vinnuafli þeirra geti komið að sem fyllstum notum.

Allmargt af þessu fólki vinnur nú fyrir sér að einhverju leyti við störf í heima- húsum eða ýmiss konar lausavinnu utan heimilis. Hinn hópurinn er þó sennilega eins stór eða stærri, sem á þess lítinn eða engan kost að fá störf við sitt hæfi og því situr auðum höndum við kröpp kjör. Enginn efi er þó á því, að starfsgeta þessa fólks gæti komið að miklum notum, ef því væri séð fyrir vinnu og aðbúð við þess hæfi, hentugum vinnustöðvum og verkefnum.

Með hentugum vinnustöðvum eða vinnustofum má ætla, að unnt sé að gera hvort tveggja í senn, að bæta hag þessa fólks og um leið léttu nokkuð kostnaðinn við framfærslu þess. Slíkar vinnustöðvar og vinnustofur eru ætlaðar fólki, sem dvalið getur á heimilum sínum og farið til vinnustaðar dag hvern eða flesta daga eða tekið verkefni heim til sín. Vinnuheimilin eru aftur á móti ætluð þeim, sem þurfa að hafa heimili á vinnustaðnum og vera undir stöðugu heilbrigðiseftirliti.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér í Reykjavík með vinnustofur fyrir fólk með skerta starfsgetu. Má eflaust talsvert af þeirri reynslu læra. Þá er og öllum kunnugt um starfsemi vinnuheimilis S. Í. B. S. fyrir berklaveika að Reykjalundi. Er það án efa á margan hátt til fyrirmyndar.

Verkefni yrði að sjálfsögðu að hafa nokkuð fjölbreytt og velja þau með hlið- sjón af vinnugetu, verkunnáttu og fyrri störfum hlutaðeigenda og með tilliti til solumöguleika varningsins. Í sambandi við vinnustofur og vinnuheimili mætti og án efa undirbúa öryrkja, einkum fólk á ungum aldri, til sérstakra starfa, sjá þeim fyrir námskeiðum, þjálfun og verkmenntun, að svo miklu leyti sem sérstakar stofn- anir, skólar og fyrirtæki tækju slíkt ekki að sér.

Nú er unnið að því að semja yfirlitsskýrslur um alla þá öryrkja á landinu, sem ætla má að gætu unnið fyrir sér að einhverju eða öllu leyti, ef þeim væru sköpuð skilyrði til að geta notað starfsorku sína og séð fyrir menntun og þjálfun við þeirra hæfi.

Við Íslendingar höfum ekki efni á því að láta nokkurn mann, sem eitthvað getur unnið, sitja auðum höndum vegna skorts á hentugum verkefnum og vinnu- stað. Vinnuheimili kosta mikið fé. Til vinnustöðva með nauðsynlegum tækjum og útbúnaði öllum þarf og mjög veruleg stofnfjárframlög. Er því nauðsynlegt, ef tryggja skal framkvæmdir, að sjá fyrir ákveðnum tekjustofni í þessu skyni. — Erfðafjárskatturinn ásamt arfahluta ríkissjóðs er í frv. til fjárlaga fyrir 1952 áætla- aður 300 þús. krónur. Þess má þó sennilega vænta, að hann reynist nokkru hærri, sennilega um hálf milljón króna á ári. Virðist hyggilegra að nota þennan tekju- stofn, sem tekinn er af eignum framliðinna, til þess að koma upp varanlegum fast- eignum til hjálpar öryrkjum og til að léttu byrðar þjóðfélagsins í framtíðinni, heldur en að láta hann verða árlegan eyðslueyri.

Í frv. eru engin ákvæði um það, hver skuli reka vinnuheimili og vinnustöðvar. Þykir ekki ástæða til að kveða nánar á um það efni að svo stöddu en þegar er gert í lögum um almannatryggingar og öðrum lögum. Aðalatriðið er, að dómi flutnings- manna, að tryggja nú þegar ákveðinn tekjustofn til þessara framkvæmda.

Nauðsyn aðgerða í þessu efni hefur verið mönnum ljós á undanfórnum árum. Þegar erfðalögnum var síðast breytt, árið 1949, bar einn nefndarmanna (Gísli Jónsson) fram breytingartillögur við erfðalagafrv., sem í meginatriðum voru í sam- ræmi við þetta frv. Á haustþingi sama ár flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar tillögur um breytingar á almannatryggingalögnum, sem einnig gengu í sömu átt. Og á síðasta Alþingi bar Gísli Jónsson fram sérstakt frumvarp um aukn- ingu á arfahluta ríkissjóðs og ráðstöfun erfðafjárskatts í sama skyni.